

Sæfivörur notaðar við varnir gegn meindýrum þurfa markaðsleyfi!

Sæfivörur (biocides) eru efnavörur sem innihalda eitt eða fleiri virk efni sem ætlað er að eyða skaðlegum lífverum, bægra þeim frá eða gera þær skaðlausar með efna- eða líffræðilegum aðferðum. Sæfivörur sem ætlaðar eru til varna gegn meindýrum, sem eru boðin til sölu eða notuð á Íslandi, mega nú eingöngu innihalda virk efni, sem eru í áhættumati eða hafa verið samþykkt fyrir þann vöruflokk sem um ræðir ([sjá yfirlit yfir vöruflokka](#)). Þegar öll virk efni í vörunni hafa verið samþykkt fyrir vöruflokkinn sem hún fellur í, þarf að sækja um markaðsleyfi fyrir henni.

Fyrstu virku efnin fyrir þennan vöruflokk voru samþykkt árið 2009 og áætlað er að áhættumati allra virkra efna, sem falla undir hann, verði lokið árið 2024. Eftir því sem fleiri virk efni eru samþykkt þurfa fleiri sæfivörur markaðsleyfi og því eru þessar reglur smám saman að hafa meiri áhrif á markaðssetningu vöruhegunda á Íslandi.

Nú þegar þurfa margar sæfivörur, sem falla í flokkinn varnir gegn meindýrum, markaðsleyfi en áætlað er að árið 2025 eigi allar þessar vörur að vera komnar með markaðsleyfi. Þegar virkt efni til notkunar í sæfivörum hefur verið samþykkt, skal sækja um markaðsleyfi fyrir þeim vörum sem innihalda umrætt virkt efni eða að öðrum kosti, að taka þær úr sölu og hætta notkun þeirra.

Sæfivörur skiptast í 4 aðalflokka; sóttþreinsiefni, rotvarnarefni, varnir gegn meindýrum og aðrar sæfivörur.

Undir aðalflokk 3, varnir gegn meindýrum, falla 7 vöruflokkar sem eru:

14. Nagdýraeitur.
15. Fuglasæfar.
16. Lindýraeitur, ormaeitur og vörur til að verjast öðrum hryggleysingjum.
17. Fiskisæfar.
18. Skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum.
19. Fæliefni og löðunarefni.
20. Vörn gegn öðrum hryggdýrum.

Sæfivörureglugerðin hefur einnig í för með sér að birgjar sem selja virk efni til framleiðslu á vörum til varna gegn meindýrum þurfa að vera [á lista ESB yfir birgja](#) sem eru samþykktir fyrir virk efni innan þeirrar vöruhegundar sem varan tilheyrir.

Reglugerð um sæfivörur er hluti af því regluverki sem fellur undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og er því innleidd í heild sinni hér á landi. Ísland er lítið markaðssvæði og því viðbúið að þessar breytingar muni hafa talsverð áhrif á vöruúrval hér á landi.

Samþykkt virk efni og vörur með markaðsleyfi

Listi yfir samþykkt virk efni.

[Listi ECHA yfir samþykkt virk efni](#) (krækja í skjölin „Samþykkt virk efni okt 2017 eftir vöruflokkum með enskum texta“ og „Samþykkt virk efni okt 2017 raðað eftir CAS nr með enskum texta“, sem fylgja í viðhengi)

[Listi yfir vörur með markaðsleyfi](#)

[Listi ECHA yfir vörur með markaðsleyfi](#)

Listi yfir bönnuð virk efni.

Listi ECHA yfir bönnuð virk efni (krækja í skjölin „Bönnuð virk efni okt 2017 raðað eftir vöruflokkum“ og „Bönnuð virk efni okt 2017 raðað eftir CAS nr“, sem fylgja í viðhengi)

Sjá einnig:

- Er varan sæfivara? (krækja í skjalið „Er varan sæfivara“, sem fylgir í viðhengi)
- Inn- og útflutningur (krækja í skjalið „Innflutningur og útflutningur á sæfivörum“, sem fylgir í viðhengi)
- Að bjóða fram og nota (krækja í skjalið „Sala sæfivöru“, sem fylgir í viðhengi)
- Notkun sæfivöru (krækja í skjalið „Notkun sæfivöru“, sem fylgir í viðhengi)
- Meðhöndlaðar vörur (krækja í skjalið „Vörur meðhöndlaðar með sæfivörum“, sem fylgir í viðhengi)

Vörflokkur 14: Nagdýraeitur

Vörur sem eru notaðar til að verjast músum, rottum eða öðrum nagdýrum með öðrum aðferðum en fælingu eða aðlöðun.

Dæmi um vörur: Rottueitur, músaeitur.

Sérstakt varðandi þessar vörur: Vörur í þessum vörflokki falla einnig undir reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna en samkvæmt henni þarf notendaleyfi fyrir útrýmingarefnum sem Umhverfisstofnun gefur út, til að kaupa og nota vörur sem einungis eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni til eyðingar á músum og rottum.

Áhættumati fyrir öll virk efni í þessum vörflokki átti að vera lokið í desember 2016.

Vörflokkur 15: Fuglasæfar.

Vörur sem eru notaðar til að verjast fuglum með öðrum aðferðum en fælingu eða aðlöðun.

Dæmi um vörur: Engar vörur eru leyfðar í þessum vörflokki á Íslandi.

Sérstakt varðandi þessar vörur: Samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er óheimilt að nota fuglasæfa til þess að verjast fuglum.

Gert er ráð fyrir að áhættumati fyrir öll virk efni í þessum vörflokki verði lokið í júní 2024.

Vörflokkur 16: Lindýraeitur, ormaeitur og vörur til að verjast öðrum hryggleysingjum.

Vörur sem eru notaðar til að verjast lindýrum, ormum og hryggleysingjum, sem falla ekki undir aðra vörflokka, með öðrum aðferðum en fælingu eða aðlöðun.

Dæmi um vörur: Sniglaeyðir

Sérstakt varðandi þessar vörur: Vörur sem ætlaðar eru til plöntuverndar eru skilgreindar sem plöntuverndarvörur og stýrt með plöntuverndarvöreglugerðinni.

Áhættumati fyrir öll virk efni í þessum vörflokki átti að vera lokið í desember 2016.

Vörflokkur 17: Fiskisæfar

Vörur sem eru notaðar til að verjast fiskum með öðrum aðferðum en fælingu eða aðlöðun.

Dæmi um vörur: Engar vörur eru leyfðar í þessum vörflokki á Íslandi.

Sérstakt varðandi þessar vörur: Ekkert

Gert er ráð fyrir að áhættumati fyrir öll virk efni í þessum vörflokki verði lokið í júní 2024.

Vörflokkur 18: Skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum

Vörur sem eru notaðar til að verjast liðdýrum (t.d. skordýrum, áttfætlum og krabbadýrum) með öðrum aðferðum en fælingu eða aðlöðun.

Sýna þarf fram á með rannsóknum að vörur í vörflokki 18 drepi viðkomandi tegundir (vörur sem eingöngu fæla tegundirnar frá eru í vörflokki 19).

Dæmi um vörur: Vörur til að verjast flugum, maurum, köngulóm, sporðrekum, mítlum og krabbadýrum. Flugnaúði, skordýraúði, efni til að meðhöndla flær í búrum eða hundabælum. Flugnanet meðhöndlað með skordýraeitri.

Sérstakt varðandi þessar vörur: Vörur í þessum vörflokki falla einnig undir reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna en samkvæmt henni þarf notendaleyfi fyrir útrýmingarefnum sem Umhverfisstofnun gefur út, til að kaupa og nota vörur sem einungis eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni til eyðingar á skordýrum, mítlum og öðrum liðdýrum.

Áhættumati fyrir öll virk efni í þessum vörflokki átti að vera lokið í desember 2016.

Vöruflokkur 19: Fæliefni og löðunarefni

Vörur sem eru notaðar til að verjast skaðlegum lífverum (hryggleysingjum á borð við flær og hryggdýrum á borð við fugla, fiska og nagdýr) með því að fæla þær frá eða laða þær að, þ.m.t. vörur sem eru notaðar til hreinlætis fyrir menn eða dýr, ýmist beint á húðina eða óbeint í umhverfi manna og dýra.

Dæmi um vörur: Skordýrafælar. Mýflugnasprey. Efni til að fæla hunda og ketti frá görðum. Ef efnunum er ætlað að drepa viðkomandi meindýr falla þau undir vöruflokk 18.

Sérstakt varðandi þessar vörur: Vörur sem notaðar eru til dýralækninga t.d. til að meðhöndla dýr með flær falla undir löggjöf um lyf en ekki sæfivörur.

Áhættumati fyrir öll virk efni í þessum vöruflokki átti að vera lokið í desember 2016.

Vöruflokkur 20: Vörn gegn öðrum hryggdýrum

Vörur sem eru notaðar til að verjast hryggdýrum, öðrum en þeim sem þegar falla undir aðra vöruflokkka í þessum aðalflokki, með öðrum aðferðum en fælingu eða aðlöðun.

Dæmi um vörur: Engar vörur í þessum vöruflokki eru leyfðar á Íslandi.

Sérstakt varðandi þessar vörur: Samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er óheimilt að nota eitrefni til þess að verjast þeim.

Gert er ráð fyrir að áhættumati fyrir öll virk efni í þessum vöruflokki verði lokið í júní 2024.

Vefslóðir sem vísað er í á síðunni:

<http://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/#Tab2>

<https://echa.europa.eu/information-on-chemicals/active-substance-suppliers>

<https://echa.europa.eu/information-on-chemicals/biocidal-active-substances>

<https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/markadsleyfi/#Tab2>

<https://echa.europa.eu/information-on-chemicals/biocidal-products>